



# STEFNA ÍSÍ Í ALMENNINGSÍÞRÓTTUM

---

Stefna íþrótta- og Ólympíusambands Íslands (ÍSÍ) í almenningsíþróttum er að stuðla að bættri lýðheilsu á jafnréttisgrundvelli með þróttmiklu almenningsíþróttastarfi og heilsueflingu innan íþróttahreyfingarinnar og meðal almennings í landinu í sátt við Umhverfisstefnu ÍSÍ.

Almenningsíþróttasvið ÍSÍ vinnur samkvæmt stefnu þessari og markmiðum ásamt nýjustu viðurkenndri þekkingu hverju sinni. Sviðið skal hafa umsjón með þátttöku í verkefnum IOC og styðja frumkvöðlastarf á sviði almenningsíþrótta.

## Markmið ÍSÍ í almenningsíþróttum eru:

- **Að efla íþróttapáttöku meðal sambandsaðila ÍSÍ á öllum aldri og getustigum með því að:**
  - Hvetja íþróttafélög og íþróttahéruð til að bjóða upp á fjölbreyttar íþróttir og hreyfingu fyrir alla aldurshópa og öll getustig.
  - Hvetja sambandsaðila til þátttöku í almenningsíþróttaverkefnum ÍSÍ.
- **Að efla almenningsíþróttapáttöku landsmanna á öllum aldri með því að:**
  - Hvetja landsmenn til þátttöku í almenningsíþróttaverkefnum ÍSÍ.
  - Verkefni ÍSÍ höfði til allra aldurshópa, á öllum getustigum og séu á jafnréttisgrundvelli.
  - Afla og dreifa þekkingu og stuðla að nýjungum ásamt útgáfu fræðslu- og upplýsingaefnis um heilsueflingu.
  - Hvetja íþróttahéruð og íþróttafélög til þátttöku í verkefninu „Heilsueflandi samfélag“ með sveitarfélögum á hverjum stað.
- **Að hvetja fyrirtæki og stofnanir til að huga að heilsueflingu starfsmanna sinna með:**
  - Því að hvetja fyrirtæki og stofnanir til þátttöku í almenningsíþróttaverkefnum ÍSÍ.
  - Upplýsingagjöf til fyrirtækja, stofnana og sveitarfélaga.
  - Ábendingum um hugsanlegt samstarf fyrirtækja, stofnana og sveitarfélaga við íþróttahéruð og/eða íþróttafélög um framkvæmd einstakra þátta í heilsueflingu starfsmanna.

